

Norræna listsýningin í Gautaborg

SÝNINGIN, sem er sú umfangsmesta á þessu sviði, sem Norðurlöndin hafa haldið sameiginlega, var opnuð almenningi laugardaginn 12. október.

Norræna listasambandið, sem stendur fyrir þessari sýningu, var stofnað fyrir 12 árum í Stokk-hólmi af listamönnum, listagagnrýndum og forystumönnum listasafna, með það fyrir augum að koma á sambandi milli Norðurlandanna á sviði nútíma listar. Upphaflega var gert ráð fyrir árlegum sýningum á vegum sambandsins, en fljótlega var frá því horfið, en þó hafði unnizt tími til þess að halda sýningar víða, meðal annars í Reykjavík 1948. Ennfremur var haldin á vegum sambandsins sýning á verkum Ásgríms Jónssonar, Jóhannesar Kjarvals og Jóns Stefánssonar. Var sú sýning í Stokkhólmi 1953.

Sýningin, sem ún er opnuð í Gautaborg, er sú áttunda í röðinni á vegum sambandsins og nær yfir listaverk frá síðustu 10 árum. Munirnir eru 573 eftir 143 listamenn.

Hvað viðkemur þessari sýningu takmarkaði sambandið fjölda listamanna sem þátttakenda að sýna fleiri verk. Ennfremur má nefna þá nýjung á sviði fyrirkomulags, að listaverkin eru ekki flokkuð eftir þjóðum, heldur eftir stíl og gerð. Hefir þetta heppnast mjög vel, en aftur á móti skapað vandamál og erfiðleika fyrir þá, sem önnuðust uppsetninguna. Listasambandið hefir með þessu fyrirkomulagi vilja láta í ljósi að Norðurlöndin koma fram sem heild í sýningu sem þessari. Fyrir Íslands hönd sáu þeir Hjörleifur Sigurðsson og Valtýr Pétursson um uppsetninguna, ásamt Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara, sem kom svolítið seinna en þeir.

Daginn fyrir opnunina fengu 300 boðsgestir að skoða sýninguna og voru í þeirra hópi meðal annarra sendiherrar Íslands, Danmerkur og Finnlands ásamt ræðismönnum Norðurlandanna í Gautaborg.

Blaðadómur um sýninguna í heild hafa ekki verið sérstaklega lofsamlegir, en þó held ég að við Íslendingar megum vel við una því sumir íslensku þátttakendanna hafa fengið mikið hrós fyrir verk sín.


Í Göteborgs-Posten segir Rolf Anderberg: „Glersamsetningunum er komið fyrir á mjög skemmtilegan hátt í Listahöllinni, þar sem enginn kemst hjá því að sjá þær. Skemmtilegasta samsetningin er gerð af íslenskri listakonu, Nínu Tryggvadóttur. Hún hefir látið svartar, breiðar, beinar línur mynda ramma um ljósblá, gul og grá svæði. Myndar þetta þægilega samsetningu, sem ekki tekur áhugann burt frá „glugganum“ sem slíkur. Litavalid hefir tekið með afbrigðum. Þetta er velheppnað dæmi um nýsköpun í list þessari. Spurningin er hvort þátttaka Íslands, sem í öllum greinum lýsir ást á sérkennandi abstrakt-gerðum verkum, er ekki bezt kynnt með Nínu Tryggvadóttur.“

Um grafikina segir sami maður: „Af Íslands hálfu eru þátttakendurnir ungir á braut þessarar listar og eru ennþá að fíkra sig áfram. Af þeim má nefna Veturliða Gunnarssonar vegna hinna hrifandi einföldu landslags- og bæjarmynda hans.

„Íslendingurinn Ásm. Sveinsson hefir sýnt að ekki er framkvæmanlegt að gera höggmyndir með því að reyna að túlka abstrakt hugtak með „Religion“ í tré, járn og málmþráðum. Sami maður á hins vegar, með tveimur höggmyndum úr tré, hjólbeinottum kröftugum eineygðum manni, sem endilega vill slást, og hábrjósta kvenveru, sem endilega vill eignast barn, þátt í að auka stemminguna í salnum.“

Hvað málverkin snertir saknar Anderberg vöndun sérstakra þjóðareinkenna, en segir svo: „Ef til vill getur maður litið á hið vel formaða og vel ímyndaða landslag Kjarvals sem undantekningu á þessu.“

Í Handels og Sjöfartstidningeh segir Tord Bäckström: „Leir-



Danskir sýningargestir skoða hina umdeildu mynd Ásmundar Sveinssonar, „Religion“, sem gerð er úr tré, járn og málmþráðum.

höfuð eftir Sigurjón Ólafsson sýnir mjög eðlilega þunna, hrökkótta húð öldungsins (Sr. Fr. Friðriksson), það er að lifa upp raunveruleikann. Í nágrenni við höfuðið er eitthvað úr tré, sem líkist bæði plógi og vefstól, svolítið lengra önnur höggmynd úr tré með ávalt slípuðum óákveðnum mannslíkjandi línunum, og er þetta sett saman á dattlungafullan hátt. Það er ennþá Íslendingurinn Sigurjón Ólafsson. Hið djarfa hugmyndaflug til sköpunar, sem maður saknar í höfði gamla mannsins, vex nú fram í öðrum verkum sem að sínu leyti vantar meiningu.“

Um málverkin segir Bäckström: „Verk hinna norrænu málara eru næstum eingöngu litasamsetningar (abstrakt). — Nokkrar fyrirmyndir er sem sagt ekki um að ræða. Listamiðstöðin er alltaf staðsett í París, og um samgöngurnar er ekkert nema gott að segja. Samt verður maður að reikna með að afskekktustu listahéruðin (konstprovins)

hafi dregist eitthvað afturúr. Á þessari sýningu eru margir þátttakendur sem ennþá hanga á þunnum trefjum við veruleikann og kröfum hans um eitthvað lokkandi.

Þeir, sem mest fylgjast með tímanum eru málara svo sem Olle Bonnier (Svíþjóð), Holger

Jacobsen (Danmörku), Sam Vann (Finnland) og Íslendingurinn Karl Kvaran. Maður getur ekkert fundið að myndum þeirra. Síðan lýsir hann stílum þeirra hvers og eins. Um Karl Kvaran segir hann: „Kvaran mál- ar solitt dimma myndfleti og myndar lárétt-lóðrétt á mildum grunnlitum.“

Um Sverri Haraldsson segir Bäckström að hann máli geometriskt á la Nicholson, en með einkennilegum blæ.

Yfirleitt má segja að Ísland hafi fengið góða dóma á sýningunni miðað við hinar þjóðirnar. Oft hefir komið fyrir að ég hefi mætt fólki, sem vit hefir á hlutum sem þessum, að það hefir látið í ljósi að þátttaka Íslands væri til söma fyrir landið.

Þó saknar maður þekktra nafna, svo sem Ásgríms Jónssonar, Gunnlaugs Blöndals og fleiri, en þeir voru ekki með, — því miður.

—Fréttaritari.

Tilkynning frá húsnæðismálastjórn

Vegna laga nr. 42 frá 1957 og nýsettrar reglugerðar um út hlutun íbúðalána á vegum Húsnæðismálastofnunar ríkisins tilkynnist öllum þeim, sem sótt hafa um íbúðalán og ekki hafa enn fengið neina lánsúthlutun, að þeir þurfa að endurnýja umsóknir sínar á nýjum eyðublöðum. Endurnýjunarfrestur er til 1. desember næstkomandi fyrir Reykjavík, Kópavog, Hafnarfjörð, Keflavík og Akranes, en til 20. desember fyrir aðra staði í landinu.

Áður send umbeðin fylgigögn þarf ekki að endurnýja.

Þeir sem hafa ekki ennþá sótt um íbúðalán, þurfa að skila umsóknum fyrir nk. áramót, ef þeir eiga að koma til greina við úthlutun lána á árinu 1958.

Eyðublöð undir umsóknir fást hjá öllum oddvitum og bæjarstjórn, í Reykjavík hjá veðdeild Landsbanka Íslands og í skrifstofu Húsnæðismálastofnunar ríkisins, Laugavegi 24.

Þeir, sem hafa fengið byrjunarlán, en hafa ekki ennþá sótt um viðbótarlán, þurfa að sækja um þau á þar til gerðum eyðublöðum, ef þeir telja sér nauðsynlegt að fá herra lán vegna íbúðar sinnar. Umsóknarfrestur um slík lán er hinn sami og áður greinir.

Þeir sem hafa keypt eða ætla að kaupa íbúðir fokheldar, eða lengra á veg komnar, þurfa ekki að útfylla kostnaðar-áætlun, heldur aðeins tilgreina kaupverð íbúðarinnar og hversu mikið fé muni þurfa til að fullgera hana. Sama máli gegnir um þá, sem þegar hafa gert hús sín fokheld eða meira. Þá skal aðeins tilgreina heildarverð þess sem búið er og hversu mikið fé muni þurfa til að fullgera íbúðina.

Reykjavík, 29. október 1957.

Húsnæðismálastjórn.

Áttæður í gær:

Dr. Ólafur Dan Danielsson

DOKTOR Ólafur varð áttæður í gær. Við gamlir nemendur hans hrökkvum við: liður tíminn svona fljótt? Nemendum sínum er Ólafur áreiðanlega flestum kennum minnisstæðari. Það var aldrei nein lognmolla umhverfis hann, heldur ferskur blær, hann hreif menn ósjálfrátt með sér, hann gat skýrt vandasöm atriði á þann hátt, að ýmsum nemendum hans finnst sem þeir hafi aldrei neitt heyrt, sem á við það jafnast. Og frá honum seytláði einhver veginn inn í mann virðing fyrir stærðfræðinni, unz hún varð annað og meira en fag, se þurfti að læra vegna morgundagsins; unz nemandanum var það ljóst, að hann var kominn inn fyrir þröskuld í vinnusal vísindanna — að hann vann á sinn frumstæða og barnalega hátt: með sömu aðferðum og vísindamennirnir sjálfir — við einhverja fullkomustu vísindagrein sem til er.

Doktor Ólafur má kallast höfundur stærðfræðideildar Menntaskólans, og hann kenndi stærðfræði við hann rúmlega tvo áratugi, frá upphafi og allt fram til 1941. Hann hefur þannig öðrum fremur ráðið upphaflegu svipmóti hennar og veitt henni þundus. Á þennan hátt hefur Ólafur haft mikil áhrif á stærðfræðilegar menntir á Íslandi. Þeirra áhrifa gætir áfram, þótt hann sé fyrir aldurs sakir hættur kennslu og rannsóknunum. Eitt dæmi um þau er Stærðfræðafélag Íslands, ei stofnað var á heimili hans á sjötugasta afmælisdegi hans og starfað hefur þennan síðasta áratug.

„De har en frodig matematisk fantasi“, er mér sagt, að einn andmélenda við doktorsvörn Ólafs hafi sagt. Og það er orð að sönnu. Ólafur hefur haft yndi af að glíma við matematisk próblém, einkum geometrisk, og hefur ritad margar greinar í erlend stærðfræðitímarit og tímarit Verkfræðingafélags Íslands um athuganir sínar. Hugkvæmni hans og rökvisi hafa einnig látið til sín taka á öðrum sviðum. Meðal annars hafði hann yndi af skák, þótt aldrei tefldi hann mikið. En hann lagði fyrir sig samningu skákdæma. Hann hefur samið mörg dæmi og sum býsna snjóll.

Doktor Ólafur er gæddur rílu persónulegu seiðmagni, hann er engum manni líkur. Hann hefur löngum minnt mig á listamann, helzt einhvern heimsvirtúos í hljómiistinni. Hann skrifar afar lifandi og skemmtilegan stíl, þegar hann bregður fyrir sig að skrifa um menn og málefni utan

stærðfræðinnar en það hefur verið helzt til sjaldan.

Og í gær varð doktor Ólafur áttæður. Við gamlir nemendur hans rifjum upp fyrir okkur leiftur úr liðnum kennslustundum,



þökkum honum góð kynni og lifandi kennslu, óskum honum heilla.

Helztu æviatriði doktors Ólafs eru annars þessi:

Hann er fæddur 31. okt. 1877 í Viðvík í Skagafjarðarsýslu. Stúdentsprófi lauk hann í Reykjavík árið 1897, en stúdentaárgangur var óvenju auðugur af glæsilegum mannsefnum. Hann hóf nám í stærðfræði við Kaupmannahafnarháskóla og lauk prófi þaðan árið 1904, en árið 1901 hlaut hann gullverðlaun háskólans fyrir ritgerð um stærðfræði. Árið 1909 hlaut hann doktorsnafnbót við sama skóla fyrir ritgerð, er bar nafnið „Nogle bemærkninger om en oppe afgelede flader, der kunne bringes til at svare entydigt til en plan punkt for punkt“.

Hann var kennari við Kennarskólann árin 1908—20, en við Menntaskólann 1920—41. Starfsmaður Sjóvátryggingarfélag Íslands við tryggingareikninga var hann frá 1900—52. Hann reiknaði íslenska almanakið um áratuga skeið ásamt dr. Þorkeli Þorkelsyni.

Doktor Ólafur hefur ritað þessar kennslubækur í reikningi og stærðfræði: Reikningsbók, er kom fyrst út árið 1906, en hefur síðan komið í mörgum útgáfum og verið aukin og endurbætt. Um flatarmyndir kom út árið 1920, Kennslubók í hornafræði árið 1923 og Kennslubók í elgebru árið 1927. Auk þess hefur Ólafur ritað margar greinar um stærðfræði í erlend stærðfræðitímarit og flutt erindi á stærðfræðingum erlendis.

Guðmundur Arnlaugsson.

Iðnaðarhúsnæði

við Kleppsvægi til sölu.

Stærð ca. 100 ferm.

Upplýsingar eftir hádegi.

HAUKUR JÓNSSON hdl.

Hafnarstræti 19 — sími 17266.

3 herbergja ca. 90 ferm.

Íbúðarhæð

á bezta stað í Laugarneshverfi.

Sanngjarnt verð. — Uppl. í

EIGNASALAN
REYKJAVÍK

Ingólfsstræti 9 B — Sími 19540.